

1872.
22. júní.

virðinu verði borgaðir um leið og kaupbréfið er gefið út, og að það, sem eptir er, standi óborgað móti veði í jörðunni með fyrsta veðrætti og 4 af hundraði í vexti á ári hverju, og með því skilyrði, að undanþága sý frá skattgjaldi, sem jörðin hingað til hefir notið, falli burt eptir söluna, og að stiptsyfirvöldunum yfir Íslandi verði boðið að sjá um, að sá hluti kaupverðsins, sem borgaður verður úti hönd, verði ávaxtaður fyrir kirkjuna á Hofi, annaðhvort með því að kaupa rikisskuldabréf, sem hljóða uppá kallið, eða selja hann að leigu gegn veði í fasteignum

Þetta gefst yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það og gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf.

27. júní.

70. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi, um samlagning sókna í Þingeyjarsýslu.

Eptir að hingað hafði borizt bréf yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, dagsett 10. apríl þ. á., hefir hans hátign konunginum, samkvæmt þegnlegum tillögum kirkju- og kennslustjórnarinnar, þóknazt 18. þ. m. allramildilegast að fallast á:

að Helgastaða kirkja í Þingeyjarsýslu í norður- og austurumdæmi Íslands verði lögð niður, og að Helgastaða sókn verði sameinuð við Einarstaða sókn, þannig að Einarstaða kirkja verði ein kirkja í sókninni, þar sem halda skal guðspjónustugjörð á öllum sunnudögum og helgum dögum;

að Helgastaða kirkja ásamt með portjón hennar og því, sem henni fylgir, verði samkvæmt samningi þeim, sem gjörður er við eigendur Einarstaða kirkju, fengin þeim, til þess hún verði rifin, með því skilyrði, að þeir á eigin kostnað og án nokkurs tillags frá Helgastaða söfnuði stækki Einarstaða kirkju svo, sem kann að þurfa sökum þess að Helgastaða söfnuður verður sameinaður við Einarstaða söfnuð;

1872.

27. júní.

að eigendur Einarstaða kirkju greiði prestinum í kallinu, jafnskjótt og sóknirnar eru lagðar saman, að eins helming leigu þeirrar, sem þeir áður hafa gildið af kúgildum Einarstaða kirkju, 6 fjórðunga (60 pund) af smjöri, og

að það verði falið stiptsyfirvöldunum yfir Íslandi á hendur, að gjöra þær ráðstafanir, sem með þarf í þessu tilliti.

Þetta gefst yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það og gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf.

71. Erindisbréf fyrir landshöfðingjann yfir Íslandi. (á Íslenzku og Dönsku).

29. júní.

Samkvæmt valdi því, sem dómsmálastjórninni er veitt með konungsráðgjafi í dag, er hér með skrásett svo látandi erindisbréf fyrir landshöfðingjann yfir Íslandi:

1. grein.

Samkvæmt þessu erindisbréfi framkvæmir landshöfðinginn undir umsjón þess ráðgjafa eða þeirra ráðgjafa, sem í hlut eiga, hið æðsta vald yfir hinum sérstaklegu málum landsins í landinu sjálfu.

2. grein.

Landshöfðinginn skal hegða sér eftir hinum gildandi lögum og tilskipunum, og sömuleiðis eftir því, sem hlutaðeigandi ráðgjafar segja honum fyrir eða skipa honum, og skulu þeir, hver fyrir sitt verksvið, annaðhvort sjálfir skera úr kærum þeim, sem fram kunna að verða bornar gegn tæðum embættismanni yfir því, að hann hafi beitt valdi sínu um of, eða leggja þær undir úrskurð konungs.

3. grein.

Landshöfðinginn skal gjöra uppástungur til hlutaðeiganda